



Ágætu hluthafar, góðir gestir

Þakka ykkur fyrir að gefa ykkur tíma til að taka þátt í aðalfundi Arion banka í ár við sérstakar aðstæður en þetta er okkar annar aðalfundur eftir að bankinn var skráður á markað hjá kauphöllunum á Íslandi og í Stokkhólmi sumarið 2018. Alls eru hluthafar bankans í dag yfir 6.500.

Það eru fremur fáir hér í salnum þar sem við – sem samfélag – erum að glíma Covid-19 vírusinn og í gildi er samkomubann sem á við um samkomur þar sem yfir eitt hundrað koma saman. Fundurinn er því aðgengilegur í vefstreymi og geta hluthafar kosið með rafrænum hætti í fyrsta sinn. Veit ég að fjölmargir hluthafar taka þátt í fundinum með þeim hætti og nýta atkvæðarétt sinn rafrænt.

Vegna Covid-19 hefur Arion banki undanfarnar vikur gripið til fjölmargra aðgerða til að sporna gegn smitum starfsfólks og viðskiptavina. Aðgerðir bankans miða jafnframt að því að tryggja að bankinn geti áfram sinnt sínu samfélagslega mikilvæga hlutverki, til að mynda hvað varðar greiðslumiðlun á Íslandi og til útlanda.

Bankinn er vel í stakk búinn til að takast á við þær áskoranir sem blasa við. Öryggisnefnd bankans fundar daglega, fylgist vel með þróun mála og vinnur eftir viðbragðsáætlun og þeim tilmælum sem heilbrigðisyfirvöld hafa gefið út. Talsverður fjöldi starfsfólks vinnur nú heiman frá sér eða hefur flutt sig á nýjar starfsstöðvar á vegum bankans.

En Benedikt Gíslason, bankastjóri Arion banka, mun hér á eftir fara aðeins nánar yfir helstu aðgerðir bankans til að takast á við þá fordæmalausu stöðu sem nú er uppi.



Á svona tímum erum við sem störfum í fjármálakerfinu minnt á mikilvægt hlutverk banka. Þeir stuðla að atvinnusköpun, hagvexti og fjölbreyttu efnahagslífi. Í ljósi aðstæðna nú þurfa bankar að koma til móts við viðskiptavinum sína – heimilum og fyrirtækin. Arion banki hefur kynnt úrræði fyrir heimilum til að mæta fyrirsjáanlegum erfiðleikum vegna Covid-19 og í tilfalli fyrirtækja munum við gera það sem þarf til að aðstoða þau fyrirtæki sem hafa átt gott viðskiptasamband við bankann en lenda nú í tímabundnum erfiðleikum.

Við sem samfélag njótum þess í dag að fjármálakerfið hefur á undanförunum árum verið byggt upp þannig að það geti tekist á við áföll. Arion banki er þar engin undantekning. Fjárhagslegur styrkur bankans er mikill og bankinn reiðubúinn að styðja við viðskiptavinum sína.

Benedikt mun koma nánar inn á fjárhagsstöðu bankans þegar hann gerir upp árið 2019 hér á eftir.

Ef ég vík máli mínu almennt að starfsskilyrðum banka hér á landi þá er afar mikilvægt að þeim séu sköpuð góð starfsskilyrði.

Margvíslegar breytingar hafa átt sér stað á undanförunum áratug á því regluverki sem fjármálafyrirtæki starfa eftir. Þær breytingar byggja að miklu leyti á tilskipunum Evrópusambandsins og innleiðingu þeirra í íslensk lög. Við þá innleiðingu settu íslensk stjórnvöld ýmis íþyngjandi sérákvæði, vegna aðstæðna sem uppi voru hér á landi á sínum tíma – og eins og ég kom inn þá njótum við í dag góðs af mörgum þeirra. Hins vegar eru hér á landi lagðir ofurskattar á fjármálafyrirtæki langt umfram það sem þekkist í Evrópu. Um er að ræða skatta eins og sérstakan fjársýsluskatt og bankaskatt. Þrátt fyrir fyrirhugaða lækkun bankaskattsins verður hann enn margfaldur á við það sem þekkist annars staðar í Evrópu. Þessir sérstöku skattar tengjast ekki tekjum eða hagnaði heldur kostnaði og leggjast t.a.m. á fjármögnun og launakostnað.



Það er einfaldlega svo að sértækir íslenskir skattar auka rekstrarkostnað íslenskra banka og veikja samkeppnisstöðu þeirra gagnvart öðrum lánveitendum. Stefna stjórnvalda leiðir þannig með beinum hætti til þess að lánakjör sem innlendir bankar bjóða eru óhagstæðari en ella sem aftur hefur neikvæð áhrif á hagvöxt og atvinnusköpun – og gerir bönkum erfiðara fyrir að styðja við viðskiptavinum sína.

Ýmsar aðgerðir stjórnvalda á undanförunum áratug hamlu þannig útlánagetu íslenskra banka og draga úr getu þeirra til að styðja við verðmætasköpun og atvinnulífið.

Stjórnvöld þurfa því – og ekki síst nú þegar verulega þrengir að hjá íslenskum fyrirtækjum – að endurskoða sína stefnu og horfa til hlutverks banka í að stuðla að fjölbreyttu atvinnulífi, velsæld og lífsgæðum hér á landi.

Sú skoðun er nokkuð útbreidd að fjármálakerfið hér á landi sé of dýrt. Vissulega er nokkuð til í því enda eru hér þrjár bankar sem eru skilgreindir sem kerfislega mikilvægir – því fylgja kvaðir og kostnaður. Til nokkurs er að vinna með að gera íslenskum bönkum kleift að vinna saman í ríkari mæli þegar kemur að innviðum eins og upplýsingatækni, vörnum gegn peningabætti og rekstri hraðbanka, án þess að það hafi neikvæð áhrif á samkeppni þeirra á milli. Það felst mikil sóun í því að örþjóð eins og Ísland haldi úti þreföldu kerfi – þreföldum innviðum. Við þurfum að skapa hér aðstæður þar sem samstarf um innviði er litið jákvæðum augum en ekki hornauga. Kerfislega mikilvæg fyrirtæki eiga að vinna saman að innviðauppbyggingu öllum til hagsbóta, með blessun samkeppnisyfirvalda og án þess að eiga það á hættu að fá á sig ávirðingar og fjársektir síðar meir.



Ef við horfum til starfsemi Arion banka á síðasta ári þá var eitt helsta markmið okkar á árinu að styrkja stöðu bankans til framtíðar og gera honum betur kleift að styðja við viðskiptavinum sína og skila hluthöfum arði.

Um mitt ár réð stjórn bankans nýjan bankastjóra til starfa, Benedikt Gíslason, og nýtt skipurit tók gildi á haustmánuðum í kjölfar umfangsmikilla skipulagsbreytinga.

Arion banki tók á árinu frumkvæði í að bregðast við aðstæðum sem þá voru uppi á íslenskum fjármálamarkaði og þeim starfsskilyrðum sem stjórnvöld hafa skapað. Á fundi sínum þann 26. september síðastliðinn samþykkti stjórn bankans skipulags- og áherslubreytingar sem fólu í sér að starfsfólki bankans fækkaði um 12% og sviðum bankans var fækkað um tvö úr átta í sex.

Þrátt fyrir skipulagsbreytingar er stefna bankans um að veita viðskiptavinum sínum alhliða fjármálaþjónustu í öllum aðalatriðum óbreytt. Hins vegar fólst í þeim ákveðin áherslubreyting, ekki síst þegar kemur að samþjöppun áhættu. Arion banki leggur höfuðáherslu á að veita faglega ráðgjöf og aðstoða þau við að finna hagstæðustu fjármögnun hverju sinni. Þetta felur einnig í sér aukna áhættudreifingu í lánasafni bankans. Arion banki leitast við að hafa fáar stórar skuldbindingar á sínum bókum og í því sambandi leggjum við áherslu á samstarf við aðra lánveitendur, innlenda og erlenda.

Í september 2019 gerðist Arion banki aðili að meginreglum Sameinuðu þjóðanna um ábyrga bankastarfsemi.

Stjórn bankans samþykkti einnig á síðastliðnu ári nýja umhverfisstefnu og markmið til næstu ára. Þar er meðal annars horft til þess að meta kolefnisspor lánasafns bankans og að í framhaldi verði sett markmið um hvernig bankinn geti dregið úr kolefnisspori lánasafnsins til ársins 2030 í samræmi við markmið Parísarsamkomulagsins. Þannig mun Arion banki horfa



til umhverfisáhrifa þeirra fyrirtækja sem lánað er til og beina sjónum sínum sérstaklega að fjármögnun verkefna sem snúa að sjálfbærri þróun og grænni innviðauppbyggingu. Að auki mun bankinn í mati sínu á birgjum gera þá kröfu að þeir taki mið af umhverfis- og loftslagsáhrifum í sinni starfsemi.

Í samræmi við yfirlýsta stefnu greiddi Arion banki á árinu hluthöfum sínum arð og keypt til baka eigin hlutabréf í samræmi við endurkaupastefnu.

Hér í dag stóð til að taka afstöðu til tillögu um útgreiðslu arðs en í ljósi nýlegra tilmæla Seðlabankans um að bankar fresti útgreiðslu arðs þá hefur komið fram ósk frá hluthöfum bankans um að fresta afgreiðslu tillögunnar.

Þróun á gengi hlutabréfa bankans í kauphöllunum á Íslandi og í Stokkhólmi var jákvæð á árinu 2019 og með því besta sem gerðist meðal norrænna skráðra banka. Arion banki er nú að helmingi í eigu erlendra aðila – og er það vel. Í stjórn bankans eru þrír erlendir aðilar sem hafa víðtæka alþjóðlega reynslu og eru þeir allir í framboði til áframhaldandi stjórnarsetu hér í dag.

Þróun markaða síðustu daga og vikur sýnir auðvitað hve fljótt hlutirnir geta breyst. Óvissa er eitur í æðum hlutabréfamarkaðarins og við erum að upplífa mikla óvissutíma. Það er mikilvægt að við höfum í huga að faraldur sem þessi er í eðli sínu tímabundinn og því mun þetta ástand ganga yfir – vonandi fyrr en seinna.

Í upphafi síðasta árs urðu nokkrar breytingar á stjórn Arion banka. Undirritaður tók við formennsku á síðasta aðalfundi og nýr bankastjóri og aðstoðarbankastjóri tóku til starfa um og upp úr miðju ári. Höskuldur H. Ólafsson, sem gegnt hafði starfi bankastjóra í níu ár, kvaddi því bankann sem og hluti framkvæmdastjórnar. Þakka ég þeim, sem og öllu því



starfsfólki sem hélt á ný mið á árinu, samstarfið og mikilvægt framlag til bankans og uppbyggingar hans á undanförunum árum.

Nýju fólki fylgja eðlilega nýjar áherslur eins og þær skipulags- og áherslubreytingar sem ráðist var í á haustmánuðum bera með sér. Ég er þess fullviss að bankinn standi afar vel og hafi styrkt stöðu sína á síðasta ári sem kemur okkur vel í dag.

Að lokum vil ég þakka starfsfólki Arion banka, stjórnendum og stjórn fyrir gott samstarf og óska öllum góðs gengis á þessum sérstöku tímum.

Takk fyrir.

*Brynjólfur Bjarnason,*

*Stjórnarformaður stjórnar Arion banka*